



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Skrifstofa ráðgjafþjónustu
Vinnsla: Kristjana Gunnarsdóttir
Dags. 27. febrúar 2017
GoPro nr. VEL2016110026

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
b/t Bjarna Þóroddssonar

Tilvísun R11060051

Minnisblað

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um 3. gr. samnings Reykjavíkurborgar og Útlendingastofnunar frá 11. september 2015

Forsaga:

Á fundi borgarráðs þann 17. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Í 3. gr. samnings Reykjavíkurborgar og Útlendingastofnunar frá 11. september 2015 segir: „Verði skyndileg aukning á fjölda hælisleitenda á Íslandi getur Útlendingastofnun farið fram á það við þjónustuaðila að fjölga búsetuúrræðum tímabundið. Skal þá gerður tímabundinn viðauki þess efnis enda fari um greiðsluskýldu Útlendingastofnunar með sama hætti og kveðið er á um í samningi þessum.“ Nú liggur fyrir að skyndileg aukning hefur orðið á fjölda hælisleitenda á Íslandi og er óskað upplýsingum um hvort að gerður hafi verið tímabundinn viðauki vegna þess eins og greinin gerir ráð fyrir og þá óskast afrit af honum lagt fyrir borgarráð. Hafi viðaukinn ekki verið gerður, en Reykjavíkurborg að þjónusta fleiri hælisleitendur en samningurinn kveður á um, óskast upplýsingar um hvers vegna ekki hafi verið gerður samningur

Greinargerð/umsögn:

Ekki var gerður tímabundinn viðauki vegna skyndilegrar aukningar á umsóknum um alþjóðlega vernd í október og nóvember 2016. Reykjavíkurborg fjölgaði heldur ekki umsækjendum í þjónustu á grundvelli samningsins. Samkvæmt upplýsingum Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborga og Hlíða hafa umsækjendur verið í kring um 90 að meðaltali, stundum aðeins yfir og stundum aðeins undir

Í janúar 2017 samþykkti borgarráð samning um þjónustu við allt að 200 umsækjenda um alþjóðlega vernd. Sá samningur bíður undirritunar og gert ráð fyrir að hún verði á næstu

dögum. Eftir að borgarráð samþykkti að fjölga þjónustu við umsækjendur upp í 200 hefur átt sér stað undirbúningsvinna hjá Reykjavíkurborg. M.a. hefur verið unnið að því að fjölga húsnæðisúrræðum svo hægt verði að fjölga upp í 200 sem fyrst eftir að samningur verður undirritaður.